

From: Anna Kristinsdóttir
Sent: 2. mars 2017 14:35
To: Helga Björk Laxdal
Subject: erindi til forsætinefndar

Málsnr.: 214110103
Skjalasafn Ráðhúss
04. apríl 2017
Bréfalykill: 250

Sæl,

Á fundi mannréttindaráðs þann 28. febrúar s.l. var eftirfarandi tillaga um kosningu í fjölmeningarráð samþykkt og vísað til mannréttindaskrifstofu;

Tillögur fjölmeningaráðs vegna kosningar fulltrúa til fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar

Fjölmeningarráð leggur til við mannréttindaráð að kosning fulltrúa í fjölmeningarráð verði með eftirfarandi hætti vorið 2017.

- Að kosning þriggja fulltrúa í fjölmeningarráð, sem kosnir eru af þátttakendum á fjölmeningarþingi, verði til fjögurra ára í stað tveggja.
- Að kosning verði rafræn og að allir þátttakendur á Fjölmeningarþingi sem búsettir eru í Reykjavík hafi kosningarétt.
- Að kosning fari fram innan tveggja vikna eftir að þingið verður haldið.
- Að fundir fjölmeningarráðs fari fram á íslensku.

Þriðji liðurinn krefst breytinga á samþykktum fjölmeningarráð og sendi ég hér með drög að slíkum breytingum sem þurfa samþykki forsætisnefndar.

Bestu kveðjur/ Best regards

Anna Kristinsdóttir,
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar/
Director of Human Rights Office
Ráðhúsi Reykjavíkur/Reykjavík City Hall
101 Reykjavík, Iceland

Sími: 411 4151 Tel: +354 4114151
anna.kristinsdottir@reykjavik.is
www.rvk.is



Reykjavíkurborg
Þjónusta fyrir þig

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Samþykkt fyrir Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Fjölmeningarráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem snúa að innflytjendum. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við grasrótarsamtök innflytjenda og gera tillögur til borgarráðs sem varðar verksvið þess. Ráðið skal leitast við að tengja saman fjölmeningarleg samfélög á Íslandi, byggja brýr á milli Íslendinga og innflytjenda og koma málefnum innflytjenda á framfæri.

3. gr.

Fjölmeningarráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru innflytjendur, grasrótarsamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Fjölmeningarráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflöknum og stuðlar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru innflytjendur.

Skipan

4. gr.

Fjölmeningarráðið er skipað 5 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara, þrír fulltrúar og þrír til vara eru kosnir beinni kosningu ~~til tveggja ára í senn á til fjögurra ára af fulltrúum á~~ Fjölmeningarþingi Reykjavíkurborgar. Borgarstjórn kýs formann ráðsins en fjölmeningarráðið sjálft kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Þá getur fjölmeningarráð tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Fjölmeningarráðið getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokkka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

Verkstjórn og verkaskipting

5. gr.

Formaður ráðsins er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflöknum.

Fjölmenningarráð er vistað hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu hennar.

Boðun funda og fundarsköp

6. gr.

Fjölmenningarráðið skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar með borgarstjórn Reykjavíkur og hagsmunaaðilum. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi að sumarlagi.

Formaður fjölmenningarráðsins boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar skal sitja fundi fjölmenningarráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

7. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Fjölmenningarráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Mannréttindaskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur henni til fundarritara. Mannréttindastjóri ber ábyrgð á fundarritun.

Málsmeðferð

8. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Samþykkt í borgarstjórn X.xx 2014